



HPEM2GBO2C

Permanent 3

Kennsluáætlun – Haustönn 2023

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Kennari áfangans: E Arna Árnadóttir

earnaarna@fsu.is

Áfangalýsing: Nemandi fær þjálfun og öðlast leikni í hönnun og ísetningu á permanenti miðað við fyrirhugaða útkomu. Kennnd er greining hárs og meðferð ýmissa tegunda af permanentefnum. Unnið er áfram með verklýsingar. Kynnt eru grunnatriði varanlegrar sléttunar og mikilvæg atriði við þjónustu permanentis og sléttunar. Unnið er bæði með æfingahöfuð og módel.

Markmið áfangans:

Þekking: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- útfærslu permanentis samkvæmt verklýsingu og óskum viðskiptavina.
- ýmsum gerðum permanentefna sem unnið er með.
- vali á spólugerð með hliðsjón af útkomu.

Leikni: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- gera verklýsingar og spjaldskrár.
- framkvæma mismunandi upprúll fyrir permanent með tilliti til útkomu.
- setja permanent í ýmsar síddir af hári með ólíkum aðferðum.
- meðhöndla hárið á viðeigandi hátt fyrir og eftir meðferð.

Hæfni : Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ráðleggja um val og meðhöndlun á permanent efnum.
- greina ástand hárs og velja efni með hliðsjón af því.
- meðhöndla hárið á viðeigandi hátt fyrir og eftir meðferð.

Námsmat Símat